

Villa Reykjavík

Cold waters

Miriam Cahn, Guillaume Leblon, Prinz Gholam

Galerie Jocelyn Wolff
Tryggvagata 18, 101 Reykjavík

Sýningartími : Föstudag, 9. – 30.júlí, 2010

Opnunartími : 10.-16.júlí daglega frá 12:00-18:00; 17.-31.júlí þriðjudag-laugardags frá 13.00-17.00

Fyrir listahátíðina Villa Reykjavík ákváðum við að skipuleggja sýningu á verkum sem skipa þrjú mismunandi sæti hjá galleríinu. Verkin taka á gerningum, líkamanum og fjarveru hans.

Í verkinu *Vestiaire* (2010, málmur, leir, gips, mosi), fjallar franskur listamaðurinn Guillaume Leblon um stöðu sína gagnvart skúlptúr meðan hann tengir fundinn hlut (fataskáp verkamanns...) og mosa á stalli gerðum úr gipsi, táknhlöðnu efni sem tengist beint mótun og skúlptúrgerð. Þetta verk gerði hann fyrir sýningu í Le Grand Café, sem er listamiðstöð staðsett í Saint-Nazaire, stórum slippi í vestur Frakklandi. Sem andstæða við mosann var ryðgaða skápnum lokað með leir, en það sem eftir var af leirnum er haldið inni skápnum, falið. Þessi aðferð, fengin úr eldamennsku, líkt og þegar potti er lokað með blautu hveiti, vekur tilfinningu um gamla hefð (líkt og þegar múmíukistu er lokað).

Annað verk eftir Guillaume Leblon, stór pastelteikning á pappír sem nefnist *Cold water III* (2009, þurrpastel á pappír, 200 x 140 cm) birtist upphaflega á einkasýningu sem hluti af verkaröð er samanstóð af fimm verkum, í Mudam, Lúxemborg. Með mismunandi litbrigðum (frá dökk grábláum yfir í ljós grábláann) líkjast verkin yfirborði sjávar og voru unnin með því að vinna nokkur lög af pastellit yfir allt blaðið.

Milli þessara tveggja verka höfum við *F-M, F-W (what we see)* (2008 stafrænt chromogenic prent; 30.5 x 40.5 cm og 40.5 x 30.5 cm), ljósmyndaverk eftir listavíeykið Prinz Gholam sem sýnir smáatriði og staðina sem listamennirnir beina allri sinni eibeytingu að meðan þeir halda stöðu og jafnvægi. Aðferðafræði verksins sem felst í því að ná að skrásetja einbeytinguna við gerninginn kemur fram í verkinu sem konsept vinkill á ljósmyndavinnu Prinz Gholam.

Teikningaröðin eftir Miriam Cahn, *jetzt da sie begann zu sehen, nach der nacht* (1983, blýantur á pappír, 7 blöð) eru sett upp hér til að virka sem spegill gegn ljósmyndum Prinz Gholam. Í stað þess að sjá sjónarhorn listamannsins líkt og í ljósmyndum Prinz Gholam, sýna þessar teikningar tvö andlit sem fylgjast með áhorfandanum. Árið 1983, var svissneska feminíska listakonan Miriam Cahn aðallega þekkt fyrir stórar teikningainnsetningar, á meðan minni einlægari skissubækur og minni teikningainnsetningar hennar frá sama tíma sýna tilvistarlega framsetningu á líkamanum.

Þýðing: Sigurður Atli Sigurðsson